



# Verkföll og verðbólga

3.6.-9.6.

Andrés Magnússon  
andres@mbl.is



ar Evrópuráðsins. Sumir býsnuðust yfir fjölda vopnanna, aðrir yfir því hvað þau kostuðu mikið, en ekki var útboð vegna innkaupanna.

**Sjómanna dagurinn** var haldinn hátíðlegur um land allt.

Umhverfissvænir borgarar voru í rusli eftir að ljós kom að allar **mjólkurfernum**, sem þeir höfðu samviskusamlega þvegið og flokkað sér, voru sendar í útleigð til Svíþjóðar og kastað á eld þar. Með ekki litlu **kolefnisspori**.

Forstjóri ÞG Verks mótmælti fullyrðingum Reykjavíkurborgar um að nóg væri til af **lóðum**, hún hefði ekki eina einustu lóð til sölu.

Ræðutími í **borgarstjórn** verður stytur og eins skorið við nögl hversu oft borgarfulltrúar megi koma upp í ræðustól á fundum hennar. **Alexandra Briem**, borgarfulltrúi Pírata, telur það alls ekki veikja lýðræðið, heldur þvert á móti gera fundina skilvirkari.

Ríkisstjórnin kynnti aðgerðir til þess að sporna við þenslu, **verðbólgu** og vonandi vaxtahækkunum, auk þess sem í þeim var aukið skjól veitt viðkvæmum hópum. Þá var ákveðið að æðstu embættismenn ríkisins fengju 2,5% launahækkun um næstu mánaðamót í stað 6%, líkt og fyrirhugað var.

**Landsframleiðsla** á mann dróst saman á fyrsta fjórðungi ársins, þrátt fyrir að þá hafi mælst 7% hagvöxtur. Í því liggur ein skýring verðbólgu, því laun hafa verið hækkuð án innistæðu.

BSRB herti **verkfallsaðgerðir** sínar í fjölda sveitarfélaga og enn var boðað til samningafundar þótt ekkert þokaðist í samkomulagsátt.

Umferð um **hringveginn** heldur áfram að aukast og enn eitt metið slegið. Er sumarið þó ekki hæfið, hefjist það þá.

Tólf hundruð **Indverjar** komu til landsins í hvataferð á vegum stærstu málningarfabrikku Indlands. Dvöldu þó skemur en þeir vildu, því utanríkisráðuneytið setti skorður við vegabréfsáritunum slíks fjölda.

Lagning **Sundabrautar** kann að vera í uppnámi þar sem hún á að liggja yfir gömlu haugana í Gufunesi. Þar er hins vegar að finna ótrúlegt úrval **spilliefna** frá fyrri tíð: asbest, PCB, arsenik og olíur, svo nokkuð sé nefnt.

**Kjaradeila** BSRB við sveitarfélögin var áfram stál í stál, en bandalagið hvíkar ekki frá þeirri kröfu að fá afturvirkar hækkanir rétt eins og verkfall standi ekki yfir.

Nánast allt **gistirými** á landsbyggðinni er upp urið í sumar, sem talið er muni taka öðrum fram frá því fyrir faraldur.

Sveitarstjórnir Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps ákváðu að skipa eftirlitsnefnd með framkvæmdum vegna **Hvammsvirkjunar**, en þrátt fyrir heimild til slíks í skipulagslögum er það fátítt.

Samdráttur var í **áfengissölu** Áfengis- og tóbaksverslana ríkisins í fyrra, sem hlýtur að hafa verið ákaft fagnað af yfirstjórninni. Hún hefur lagt áherslu á mikilvægi sitt til að sporna við áfengisneyslu. Léttbjór og ítölsk vín seldust mest.

Starfshópur um **fasteignaskatta** hefur sett fram hugmynd um meðalhófsþak á skattbreytingum til þess að jafna árssveiflur, sem komið geta í bakið á fasteignaeigendum.

Á daginn kom að **lögregla** keypti **skotvopn** og skotfæri fyrir 185 milljónir króna vegna leiðtogafund-



Morgunblaðið/Óttar Geirsson

Sjómanna dagurinn fór vel fram um land allt og hvarvetna vel sóttur. Að venju var þar margt til skemmtunar gert, svo sem hinn sívinsæli koddaslagur á rá og stakkasund, aldnir sjómenn heiðraðir og útgerðir buðu góðan viðurgerning.



Morgunblaðið/Úr safni

Röð út á götu eftir miðum á stórmyndina Rambo II fyrir utan Háskólabíó í ágúst 1985. Eitthvað hefur aðsókn minnkað síðan og nú á að loka bíóinu.

Héraðsdómur Suðurlands dæmdi mann í tveggja ára **fangelsi** fyrir að aka ítrekað án **ökuréttinda**, að minnsta kosti 16 sinnum svo vitað sé, og iðulega undir áhrifum.

Hryssan **Freyja** í Skagafirði hraktist af leið í leit að stóðhesti, en í stað þess að synda yfir Héraðsvötn barst hún út í sjó og synti út í **Lundey** og þaðan aftur í land, alls 8 km leið.

**Ragnar Ómarsson**, margverðlaun- aður matreiðslumaður, lést 51 árs.

Huginn VE-55 og Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum unnu **makrilmálið** svonefnda og fengu hátt í tveggja milljarða króna **skaðabætur** frá ríkinu. Þeim hafði verið úthlutað minni kvóta en lög buðu vegna reglugerðar sem ekki átti sér stoð í lögum.

Vegagerðinni var stefnt af tveimur verktökum fyrir að taka ekki tilboði þeirra í **Arnarnesveg**, sem var 1.334 milljónum lægra en það sem hún vill taka.

800 ára gömul kista **Páls Jónssonar** biskups var opnuð í **Skálholti**.

Samningar tókust um **þinglok**, þar sem ýmis mál dagaði uppi, svo sem breytingar á lögreglulögum, lagabreyting vegna bótkunar 35 við EES-samninginn og þingsályktun um hatursorðræðu.

**Árni Johnsen**, fyrrverandi alþingismaður og blaðamaður, lést 79 ára gamall.

**Ásgeir Jónsson** seðlabankastjóri var ómyrkur í máli um viðureignina

við verðbólgu og gagnrýndi m.a. **verkalýðsforingja** fyrir að efna til mótmælafunda vegna ástands, sem þeir hefðu átt þátt í að skapa.

Jafnframt kom fram að embætti **ríkissáttasemjara** hefði í fyrra stungið upp á breyttu fyrirkomulagi við vaxtaávarðanir til þess að liðka fyrir kjarasamningum.

Seðlabankastjóri benti og á að með ákvörðun um **2,5%** launahækkun æðstu embættismanna, væri komið **viðmið** í komandi kjarasamningum.

**Eldhúsdagsumræður** fóru fram á Alþingi og af máli manna mátti ráða að **Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir**, **Inga Sæland**, **Sigmar Guðmundsson** og **Sigmundur Davíð Gunnlaugsson** hefðu borið af í mælsku. Um hvað þau töluðu mundu færri.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps blés af vindorkuver í **Búrfellslundi** með því að biðja Skipulagsstofnun að setja virkjunina í biðflokk. Ekki af því að hún sé á móti virkjuninni, heldur vegna þess að sveitarfélagið hefði litið upp úr henni vegna skattaumhverfis.

Ársverkum **ríkisstarfsmanna** hefur fjölgað um 3.356 frá árinu 2012, en eins og allir þegar lýðveldisins geta borið um er lífið margfalt auðveldara fyrir vikið en þá.

**Klíníkin** við Ármúla hyggst stækka húsnæði sitt myndarlega og eiga nýju vistarverurnar að vera tilbúnar eftir ár. M.a. á að opna nýja verkjadeild en mikill fjöldi þjáist af

verkjum án lausnar. Búist er við því að starfsmannafjöldinn tvöfaldist í um 130.

Viðbúid er að verð á keti hækki í haust, en afurðastöðvar hyggjast hækka verð á **dillkaketi** töluvert.

Aukin svartsýni hefur dregið úr **íbúðasölu** að mati fasteignasala.

Ekkert miðaði í **kjaradeilu** BSRB og sveitarfélaga.

Áformað er að smíða 390 m langan viðlegukant fyrir **herskip í Helguvík** og stækka eldsneytisbirgðageymslur verulega til þess að geta þjónustað þau.

Grimseyjarferjan **Sæfari** hóf siglingar á ný eftir nær þrjá mánuði í slipp.

Fyrstu löxunum í **landeldi** í **Þorlákshöfn** var slátrað, alls um 50 þúsund.

**Icelandair** hyggst hefja áætlunarflug til **Færeyja** í sumar, 5-6 sinnum í viku, enda stefnir í að þetta verði fyrsta sumar í 20.000 ár, sem sólríkara er þar en hér.

Utanríkisráðherra hyggst leggja niður starfsemi sendiráðsins í **Moskvu** frá og með 1. ágúst, og óskar þess að Rússar dragi mjög úr **sendiráðsrekstri** sínum hér á landi, að því er virðist vegna ágreinings um innflutning á úkraínskum kjúklingi.

Aðalmeðferð í **Bankastræti Club** málinu svonefnda á að fara fram í veislusölum Gullhamra í uppsveitum Grafarholts. Ekki þó til þess að salarkynnin séu sakborningum eiginlegri, heldur til þess að rúma þá alla 25.

**Þórhallur Gunnarsson** sagði upp sem framkvæmdastjóri Sýnar, að sögn vegna átaka um eignarhald og áherslur fyrirtækisins.

Saksóknari felldi niður rannsókn á **fjárkúgunarkæru** þriggja karla gegn konu sem hafði farið með þeim í það.

**Bjarni Benediktsson** formaður Sjálfstæðisflokksins sagði að **Guðrún Hafsteinsdóttir** yrði ráðherra rétt strax.





Morgunblaðið, 14.06.2023, síðu 4.  
grein stærð: 317.01 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 12.27 sm

**Sveitarstjórnir á Suðurlandi fjalla um og afgreiða framkvæmdaleyfi vegna Hvammsvirkjunar á fundum sínum í dag**

# Virkjun mikið inngríp í einstaka náttúruperlu

Sigurður Bogi Sævarsson  
sbs@mbl.is

Sveitarstjórnir Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra fjalla í dag um og væntanlega afgreiða, hvor í sínu lagi, framkvæmdaleyfi til Landsvirkjunar vegna Hvammsvirkjunar í Þjórsá. Virkjunin er fullhönnuð og en leyfi þarf svo hefjast megi handa. Áætlað afl virkjunar er 95 MW, fallhæð að túrbínunum verður 32 m og nærri bænum Haga við mynni í Þjórsárdal verður fjögurra ferkílómetra stórt uppistöðulón myndað af 18 hárrí stíflu.

Væntanleg stífla í Þjórsá verður skammt fyrir ofan Viðey, sem blasir við vegafarendum á hægri hönd þegar ekið er inn í Þjórsárdal. Straumþungt fljótið veitir eygni náttúrulega vernd og gerir lífríki þar einstakt; gróskumikill birkiskógurinn er lítt snortinn af ágangi manna og búfjár. Með stíflu verður eyjan á þurru í

farvegi Þjórsár en hana á að verja með girðingum.

**Ekki ósvipað Surtsey**

„Þetta er ömurleg staða sem komin er upp og margir eru miður sín yfir virkjunarmálum hér í sveit. Viðey verður lítt varin þrátt fyrir girðingu. Þessi náttúruperla hefur vísindalegt gildi, vegna þess að lífríkið þar hefur þróast á eigin forsendum. Þetta er ekki ósvipað Surtsey,“ segir Sigbrúður Jónsdóttir líffræðingur í Eystra-Geldingaholti, sem hefur lengi barist gegn Hvammsvirkjun.

„Bygging Hvammsvirkjunar, þar með talið breytingar nærri Viðey, er mikið inngríp,“ segir Haraldur Jónsson, oddviti Skeiða og Gnúpverjahrepps. „Þó getur þetta skapað tækifæri, samanber að með breytingum á rennsli Jöklu vegna virkjunar við Kárahnjúkavirkjunar uppgötvaðist Stuðlagil sem þykir einstakt.“





Morgunblaðið, 15.06.2023, síðu 2.  
grein stærð: 248.52 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 12.04 sm

# Framkvæmdaleyfi samþykkt

● Málið samþykkt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi ● Málinu frestað í Rangárþingi ytra ● Ekki einhugur í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps um málið

Hermann Nökkvi Gunnarsson  
hng@mbl.is

„Ég hef fulla trú á því að þegar fram líða stundir þá muni menn horfa til baka og vera sáttir við þessa afgreiðslu,“ segir Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps, en sveitarstjórn þar samþykkti í gær að veita framkvæmdaleyfi til Landsvirkjunar vegna Hvammsvirkjunar í Þjórsá.

Rangárþing ytra frestaði málinu fram til næsta aukafundar sveitarstjórnar til að umhverfisnefnd sveitarfélagsins gæfist kostur á að fjalla um málið. Verður fundurinn hinn 23. júní nk.

Haraldur segir að það kæmi sér verulega á óvart ef Rangárþing ytra myndi ekki samþykkja að veita framkvæmdaleyfi og bætir við að meiri andstaða hafi verið í Skeiða- og Gnúpverjahreppi en í Rangárþingi ytra.



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

**Virkjun Málið var samþykkt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi í gær.**

Framkvæmdaleyfið var samþykkt með fjórum atkvæðum gegn einu. Er Haraldur var spurður út í það segir hann: „Það lá alltaf fyrir að það yrði ekki einhugur í sveitarstjórn,“ en bætir við: „Það er töluverður meirihluti íbúa hlynntur framkvæmdinni og það er léttir að geta sett endapunkt á

þetta. Nú getum við horft til framtíðar á þau tækifæri sem hægt er að nýta.“

**Eftirlitsnefnd skipuð**

Hann segir sveitarfélagið hafa skipað eftirlitsnefnd með framkvæmdinni, sem sé í fyrsta sinn sem það er gert.

Að lokum hafði hann þetta að segja:

„Við höfum lagt mjög mikla vinnu í þetta og það hefur verið mikið samtal og samráð og við einfaldlega teljum okkur vera búin að vinna þetta það vel að við erum komin á þann tímapunkt að einhvern tímann þarf þetta að enda.“

Haraldur, Bjarni Hlynur Ásbjörns-son, Gunnar Örn Marteinsson og Vilborg Ástráðsdóttir samþykktu tillöguna á fundi í dag en Gerður Stefánsdóttir gerði það ekki. Í bókun sinni á fundinum sagðist hún vera ósammála afgreiðslu og rökstuðningi meirihlutans og segist vilja hafna leyfisbeiðninni. „Ég hafna því algerlega að áratugagamalt umhverfismat Núpsvirkjunar geti legið til grundvallar leyfisveitingu Hvammsvirkjunar, með alla þá vitneskju sem undanfarnir ártugir hafa fært okkur. Lög-gjöf, viðhorf og aðstæður hafa breyst gagnvart umhverfinu,“ segir í bókun hennar á fundinum.





Morgunblaðið, 16.06.2023, síðu 1.  
grein stærð: 196.78 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 12.74 sm

# „Eins og þruma úr heiðskíru lofti“

● Vantar mikið af grænni orku ● Virkjunaráætlun í uppnámi

Hermann Nökkvi Gunnarsson  
Þorlákur Einarsson

„Þetta kemur eins og þruma úr heiðskíru lofti og er að sjálfsögðu vonbrigði,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis- og loftslagsráðherra, í samtali við Morgunblaðið. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála felldi í gær virkjunarleyfi Landsvirkjunar fyrir Hvammsvirkjun úr gildi, en leyfið var gefið út í lok síðasta árs. Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps tekur í sama streng og ráðherra.

Guðlaugur segir að hann muni setjast niður með Orkustofnun og Umhverfisstofnun til að greina málið nánar en segir ljóst að þetta séu slæmar fréttir. „Okkar vantar mikið af grænni orku þannig að þetta eru slæmar fréttir. Við getum ekki beðið með að afla grænnar orku, það liggur alveg fyrir.“



Morgunblaðið/RAX

**Virkjun Virkjunarleyfi fyrir Hvammsvirkjun var fellt úr gildi.**

Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps, segir þessi tíðindi koma sér verulega á óvart. „Þetta kemur mér að sjálfsögðu á óvart eins og flestum öðrum. Ég þarf að gefa mér tíma núna á næstunni til að lesa úrskurðinn nánar en ég er hissa.“

Sveitarstjórn þar samþykkti á þriðjudag að veita framkvæmdaleyfi til Landsvirkjunar vegna Hvammsvirkjunar. Sveitarstjórn Rangárbings ytra samþykkti á sama tíma að fresta málinu fram til 23. júní.

Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri Rangárbings ytra, segir ákvörðunina geta haft áhrif á ákvörðun sveitarfélagsins í næstu viku. „Við vorum með málið í þeirri stöðu að við höfðum frestað því að veita framkvæmdaleyfið og við verðum að skoða það í þessu ljósi í næstu viku. Ákvörðunin kemur þó frekar á óvart,“ segir hann en bætir við að almenn sátt sé í sveitarfélaginu um Hvammsvirkjun.

Snæbjörn Guðmundsson, formaður Náttúrugríða, er hæstánægður með úrskurð nefndarinnar og segir hann sígur náttúruverndar á Íslandi.

» „Sigur náttúruverndar á... » 4





Morgunblaðið, 16.06.2023, síðu 14.  
grein stærð: 193.83 sm2  
grein hæð: 12.53 sm

# Hvammsvirkjunarklemman

**P**istill þessi er ritaður réttu ári eftir að Alþingi afgreiddi þriðja áfanga áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða, svokallaða rammaáætlun. Þar gerði stjórnarandstaðan lokatilaun til þess að færa orkukostinn Hvammsvirkjun í biðflokk áætlunarinnar ásamt Urriðafoss- og Holtavirkjun. Meiri hluti Vinstri grænna, Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks felldi breytingartillögu um færslu Hvammsvirkjunar í biðflokk en lagði þó til að Holta- og Urriðafossvirkjanir færu í biðflokk. Það hefði verið borðleggjandi að láta kostina þrjá fylgjast að enda allir kostir í byggð. Í staðinn lagði meiri hlutinn í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis það til að Hvammsvirkjun yrði höfð til hljóðsjónar við sérstaka úttekt á áhrifum framkvæmdanna þriggja í nærsamfélagi þeirra. Niðurstaða þeirrar skoðunar liggur enn ekki fyrir en hitt er alveg ljóst að áformaðar virkjanir í byggð hafa í tvo áratugi klofið samfélagin við Þjórsá. Í dag er reiðin og sorgin vegna Hvammsvirkjunar áþreifanleg.

## Hlutverk sveitarstjórna

Á dögunum bárust fréttir af því að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefði samþykkt að veita Landsvirkjun framkvæmdaleyfi fyrir Hvammsvirkjun. Mun það hafa verið samþykkt með fjórum atkvæðum gegn einu. Sveitarstjórn Rangárbæjar ytra hefur enn ekki afgreitt framkvæmdaleyfi virkjunarinnar fyrir sitt leyti. Það hefur mátt skilja á sumum sveitarstjórnarfulltrúum á svæðinu að fyrst kosturinn hafi verið afgreiddur í nýtingarflokk á Al-

## Pistill



## Þórunn Sveinbjarnardóttir

þingi þá sé þeim nauðugur einn kostur að veita framkvæmdaleyfið. Það er fjarri öllum sanni og sveitarstjórnarfolk veit auðvitað betur. Hver sveitarstjórn fer með skipulagsvaldið og leggur sjálfstætt mat á veitingu framkvæmdaleyfa. Þá hefur einnig heyrst að sveitarstjórnnum finnist þær fá lítið fyrir sinn snúð þegar reist er virkjun í sveitarfélaginu. Á því sjónarmiði hef ég meiri skilning. Í fljótu bragði finn ég ekki annan bein-an fjárhagslegan ávinning af Hvammsvirkjun í Skeiða- og Gnúpverjahreppi en rammasamning við Landsvirkjun sem skilaði hreppnum 70 milljónum króna árið 2008. Það getur varla talist mikill fjárhagslegur ávinningur.

## Í hvað fer orkan?

Í ljósi sögu áforma um virkjanir í neðri Þjórsá er ekki nema von að fólk reki upp stór augu og spyrji réttlæga í hvað orkan eigi að fara. Nýlega vakti Snæbjörn Guðmundsson jarðfræðingur athygli á því að orkusala til rafmyntagraftar væri jafnmikil þeirri orku sem seld er til allra heimila hér á landi og spurði hvort þau 90MW sem eiga að fást úr Hvammsvirkjun verði seld til rafmyntagraftar. Það er eðlileg spurning sem stjórn og stjórnendur Landsvirkjunar þurfa að svara. Það skiptir nefnilega máli í hvers konar verkefni takmarkaðar náttúrulegar orkuauðlindir Íslands eru seldar.

Höfundur er þingkona Samfylkingarinnar og ív. umhverfisráðherra.  
thorunn.sveinbjarnardottir@althingi.is





Morgunblaðið, 21.06.2023, síðu 8.  
grein stærð: 154.09 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 15.05 sm

# Funduðu með sveitarstjóranum

● Áform Loos í bið ● Vatnsvernd þörf

Höskuldur Daði Magnússon  
hdm@mbl.is

„Menn voru bara að skiptast á skoðunum og átta sig á stöðu mála. Þetta var góður fundur,“ segir Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra.

Sveitarstjórinn fundaði í byrjun vikunnar með fulltrúum landeigenda og hagsmunaaðila sem barist hafa gegn uppbyggingu ferðaþjónustu að Leyni í Landsveit. Eins og Morgunblaðið greindi frá í síðasta mánuði hefur úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála öðru sinni fellt úr gildi þá ákvörðun Skipulagsstofnunar að uppbygging malasíska athafnamannsins Loo Eng Wah að Leyni 2 og 3 í Landsveit skuli ekki sæta umhverfismati.

Loo hefur unnið að uppbyggingu á svæðinu síðustu fjögur ár. Þar á að reisa allt að 200 fermetra þjónustuhús fyrir tjaldsvæði, allt að 800 fermetra byggingu fyrir veitingastað og allt að 45 gestahús á einni hæð, sum þeirra 60 fermetra að stærð og kúluhús við hvert og eitt.

Meðal þess sem hagsmunaaðilar á svæðinu hafa gagnrýnt er að Skipulagsstofnun hafi ekki tekið tillit til mengunarhættu við ákvörðun um



Loo Eng Wah

umhverfismat. Segir Ásgeir Kr. Ólafsson, sumarhúsaeygendi á svæðinu og einn þeirra sem sátu fundinn, að gagnlegt hafi verið að fá fram afstöðu fulltrúa sveitarfélagsins um vatnsverndarmál, sér í lagi nú þegar umrætt svæði ætti að teljast á grannsvæði vatnsverndar en ekki fjarsvæði líkt og áður var. Þetta breyttist með nýrri samþykkt sem Rangárþing ytra gerði við heilbrigðiseftirlitið í fyrra. „Þetta er vandmeðfarið. Við viljum að vatnsverndin og vatnið njóti alls vafa. Skipulagsstofnun átti aldrei að hleypa þessu í gegn nema að framkvæmdin færi í umhverfismat.“

Jón segir að sveitarfélagið biði nú átekta, ráðgjafar Loos séu að skoða úrskurð úrskurðarnefndarinnar. Athyglisvert sé að í úrskurðinum sé vísað í sömu lög og vísað var til þegar virkjunarleyfi Hvammsvirkjunar var fellt úr gildi í síðustu viku. „Við höfum ekki tekið neinar stórar ákvarðanir, af eða á og ef skoða þarf þessa vatnatilskipun þá þarf að gera það.“





# Meiri ávinningur verði eftir í héraði

## BAKSVIÐ

Helgi Bjarnason  
helgi@mbl.is



Starfshópur um skattlagningu orkuvinnslu hefur með tilkynningu í samráðsgátt stjórnvalda gefið hagsmunaaðilum og öðrum kost á því að koma á framfæri ábendingum og/eða tillögum sem stutt geta við vinnu hópsins. Starf hópsins miðar meðal annars að því að kanna leiðir til að ávinningur vegna orkuframleiðslu skili sér í ríkara mæli til nærsamfélaga og þeirra sem fyrir áhrifum verða vegna framkvæmdanna.

Lengi hefur verið óánægja hjá sveitarstjórnnum með undanþágur sem orkufyrirtæki fá frá greiðslu fasteignaskatta af tilteknum framkvæmdum og óréttlæti sem augljóslega kemur fram. Sveitarfélögin fá aðallega fasteignaskatta af stöðvarhúsum vatnsafls- og jarðvarmavirkjana en ekki af stíflumannvirkjum, göngum, borholum eða öðrum framkvæmdum sem eru mun verðmætari en húsinn sjálf. Fasteignagjöld eru einnig greidd af undirstöðum þeirra fáu vindmylla sem reistar hafa verið. Hins vegar eru rafveitur sérstaklega undanþegnar skráningu í fasteignamat og þar með fasteignaskatti, það tekur til lína til flutnings raforku ásamt möstrum og spennistöðvum, en hús yfir spennistöðvar eru ekki undanþegin mati.

## Skattar og auðlindarenta

Fram kemur í skýrslu starfshóps sem umhverfisráðherra skipaði til að fara yfir vindorkumál að ef undanþágur af greiðslu fasteignaskatta af veitumannvirkjum við orkuöflun og flutning raforku yrðu afnumdar myndi skattstofninn sextánfaldast, fara úr 60 milljörðum í 973 milljarða króna. Það myndi leiða til samsvarandi hækkunar á fasteignagjöldum til sveitarfélaga og almennt raforkuverð myndi hækka um 24 til 70 aura á hverja kílóvattstund.

Sveitarfélögin sem mynda Samtök orkusveitarfélaga hafa mótað sér þá stefnu að fleiri mannvirki tengd orkuvinnslu verði skráð í fasteignamati sem andlag fasteignaskatts og nærsamfélögum verði tryggður hluti tekna af flutningskerfi raforku. Til viðbótar



Morgunblaðið/Árni Sæberg

## Vindorka Vindmyllunnar sem Landsvirkjun reisti ofan við Búrfell snúast vel og eru grundvöllur vindorkugarðs, Búrfellslundar, hinum megin ár.

er þess krafist að greidd verði auðlindarenta og stungið upp á því að hún verði ákveðið gjald af framleiðslugetu virkjana eða hlutdeild í framleiðslu.

Þegar rætt er um augljóst óréttlæti hér að framan er átt við að mikil áhrif geta orðið af virkjunum í einu sveitarfélagi þar sem rennsli fallvatna er breytt, stíflur gerðar og lón mynduð án þess að sveitarfélagið fái fasteignaskatta vegna þess að það hentar orkufyrirtækinu að reisa stöðvarhúsið í öðru sveitarfélagi. Kárahnjúkavirkjun er dæmi um þetta en þar fékkst í gegn með dómi að greidd eru fasteignagjöld af vatnsréttindum. Fyrirhuguð Hvammsvirkjun er annað dæmi. Þar snerta umhverfisáhrifin meira íbúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps en Rangárþings ytra en tekjur af fasteignagjöldum skila sér til síðarnefnda sveitarfélagsins.

Óánægja hjá sveitarstjórnnum er farin að hafa áhrif á vindorkuverið Búrfellslund sem Landsvirkjun undirbýr á landi Rangárþings ytra og átti að vera fyrsta vindorkuverið hér á landi. Hins vegar er Skeiða- og Gnúpverjahreppur einnig mikill hagsmunaaðili þar sem vindmyllunnar verða rétt utan hreppamarka og enn frekar að orkuna þarf að flytja um land hans. Telur sveitarstjórnin að það þjóni ekki hagsmunum sveitarfélagsins eða íbúa þess að setja mannvirkin á

skipulag vegna þess að engar tekjur verði eftir í sveitarfélaginu. Hefur sveitarstjórnin nýtt sér rétt sinn til að fresta því að innleiða virkjunarkostinn á skipulag í allt að tíu ár. Að óbreyttu skráfar þessi afstaða fyrir frekari undirbúning Búrfellslundar og öflun þeirrar grænu orku sem þar er ætlunin að framleiða.

## Upphaf vinnunnar

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra skipaði fyrir í mánuðinum starfshóp til að hefja skoðun á skattalegu umhverfi orkuvinnslu. Meðal annars á að kanna leiðir til að ávinningur vegna auðlindanýtingar, þar á meðal vegna orkuframleiðslu, skili sér í ríkari mæli til nærsamfélaga og þeirra sem fyrir áhrifum verða. Jafnframt á hópurinn að skoða þau atriði sem fram koma í áður nefndri stöðuskýrslu um málefni vindorkunnar.

Þetta er aðeins upphafið að vinnu við nýtt skattaumhverfi orkuvinnslunnar. Tilkynning í samráðsgátt er gerð í þeim tilgangi að óska eftir hugmyndum og tillögum. Vonandi skýrast málin nokkuð fyrir lok október þegar starfshópurinn á að ljúka störfum en þó er ljóst að lengri tíma tekur að koma breytingum í framkvæmd. Biðlund sveitarstjórnanna er að bresta, eins og bókun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepp um Búrfellslund sýnir.





Morgunblaðið, 17.07.2023, síðu 8.  
grein stærð: 143.31 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 6.94 sm

# Landmannalaugar vannýttar

● Gætu tekið við mun fleiri ferðamönnum með nauðsynlegri uppbyggingu

Hörður Vilberg  
hordur@mbl.is

Eggert Valur Guðmundsson, oddviti Rangárþings ytra, fagnar umsögn Skipulagsstofnunar um uppbyggingu á ferðaþjónustu í Landmannalaugum. Skipulagsstofnun hefur bent á að fyrirhuguð uppbygging á Landmannalaugasvæðinu á útivist og ferðamennsku

kunni að hafa neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna á svæðinu sem er innan friðlands og muni hafa bæði neikvæð áhrif á ásýnd og landslag á svæðinu. Uppbygging í Landmannalaugum kunni að verða til þess að farið verði út fyrir þolmörk í náttúruferðamennsku. Námshraunsvæðið er talið vera viðkvæmast.

Eggert telur ábendingar Skipulagsstofnunar við fyrstu sýn



Morgunblaðið/Bjarni Helgason

**Ferðaþjónusta Það er fallett um að litast í Landmannalaugum.**

vera jákvæðar en fulltrúar sveitarfélagsins eigi eftir að rýna betur í þær á næstunni. „Ég get tekið undir með þeim að það vanti að bæta aðstöðuna þarna, það liggur fyrir,“ segir Einar m.a. um áform um að útbúa stærri bílastæði. Svæðið sé í raun vannýtt og byggja þurfi upp meiri þjónustu.

Skipulagsstofnun leggur til í álitu sínu að gerð verði viðhorfskönnun meðal ferðamanna og ferðaþjónustuaðila um fyrirhugaða uppbyggingu á Landmannalaugasvæðinu og tekur oddvitinn heils hugar undir að það verði gert.



Innviðir:

# Sunnlendingar vilja höfuðstöðvar Landsvirkjunar til sín

Landsvirkjun leitast nú að nýjum höfuðstöðvum eftir að mygla greindist í skrifstofuhúsnæði fyrirtækisins.

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) vill að höfuðstöðvarnar verði fluttar á Suðurland. „Stór hluti raforkuframleiðslu landsins fer fram á Suðurlandi og er það ein af niðurstöðum orkunýtingarstefnu sveitarfélaga á starfssvæði SASS 2017-2030 að eðlilegt sé að höfuðstöðvar Landsvirkjunar séu staðsettar þar sem orkuframleiðslan fer fram. Í ljósi þeirrar aðstöðu sem Landsvirkjun er í vegna myglu í höfuðstöðvunum þykir stjórninni ástæða til að vekja athygli fyrirtækisins á þeim augljósa kosti að nýta tækifærið og byggja upp nýjar höfuðstöðvar á Suðurlandi,“ segir Ásgerður K. Gylfadóttir, formaður stjórnar SASS.

Flutningur Landsvirkjunar myndi efla atvinnulíf á Suðurlandi



Ásgerður K. Gylfadóttir.

og skapa tekjur fyrir sveitarfélagið þar sem uppbyggingin ætti sér stað. Eftirsóknarverð störf myndu flytjast inn á svæðið, auk þess sem starfsemin yrði meira í tengslum við uppsprettu orkunnar.

„Ég er bjartsýn á að stjórn og forsvarsmenn Landsvirkjunar sjái þá möguleika sem felast í frekari uppbyggingu á starfsemi

fyrirtækisins á Suðurlandi. Mikil gróska og uppbygging hefur átt sér stað í landshlutanum á síðustu árum sem gerir það að enn betri kosti bæði til reksturs og búsetu. Þetta yrðu um 180 störf ef öll starfsemin flytti en samkvæmt auglýsingu Landsvirkjunar þurfa nýjar höfuðstöðvar að vera um 5–6 þúsund fermetrar á 2–4 hæðum og þær þurfa að geta mætt breytilegum þörfum fyrirtækisins til lengri og skemmri tíma,“ segir Ásgerður.

*Þjóða Hellu fram*

Byggðaráð Rangárbings ytra hefur samþykkt að beina því til stjórnar Landsvirkjunar að skoðað verði að höfuðstöðvar fyrirtækisins verði fluttar á Hellu að hluta eða öllu leyti. Fyrirtækið sé í eigu þjóðarinnar allrar og það eigi ekki að vera náttúrulögmál að höfuðstöðvar fyrirtækisins séu í Reykjavík.

/mhh





# Viðburðadagatal

– Frá og með 20. júlí –24. ágúst

## Austurland & Austfirðir

- 26.–30. júlí Franskir dagar – Bæjarhátíð á Fáskrúðsfirði
- 29. júlí Tónlistarhátíðin Bræðslan
- 4.–6. ág. Neistaflug – 30 ára í ár. Fjölskylduhátíð Neskaupstaðar, markaður, strandblaksmót, flugeldar o.fl.
- 12. ág. Árleg flugeldasýning Björgunarfélags Hornafjarðar haldin á Jökulsárlóni
- 17.–20. ág. Útsæðið – Bæjarhátíð Eskifjarðar

## Norðurland & Norðausturland

- 20.–21. júlí Alþjóðleg tónlistarhátíð Sunnuhvoli Bárðardal
- 28.–30. júlí Mærudagar Húsavíkur, tívolí, froðurennibraut og tónleikar– Diljá og Páll Óskar meðal þeirra sem koma fram.
- 29. júlí Fjölskylduhátíðin Trilludagar á Siglufirði
- 3.–6. ág. Berjadagar, árleg tónlistarhátíð í Olafsfirði
- 4.–6. ág. Síldarævintýri á Siglufirði – fjölskylduhátíð
- 4.–6. ág. Ein með öllu á Akureyri
- 11.–13. ág. Fiskidagurinn mikli á Dalvík – 20 ára í ár!
- 25.–27. ág. Akureyrarvaka – Menningarhátíð Akureyrar

## Reykjanes, Suðurland, Suðaustur- & Suðvesturland

- 3.–6. ág. Unglingalandsmót UMFÍ – vímulaus íþrótt- og fjölskylduhátíð þar sem börn og ungmenni á aldrinum 11–18 ára reyna með sér í fjölmörgum íþróttagreinum
- 3.–7. ág. Kotmót Hvítasunnukirkjunnar, kristilegt fjölskyldumót að Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð
- 3.–7. ág. Flúðir um Versló – Bæjarhátíð á Flúðum
- 4.–7. ág. Tónlistarhátíðin Innipúkinn í Reykjavík
- 4.–6. ág. Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum
- 8.–13. ág. Hamingjan við hafið – Fjölskylduhátíð í Þorlákshöfn
- 8.–13. ág. Hátíðin Hinsegin dagar eru í Reykjavík
- 10.–13. ág. Sumar á Selfossi – Bæjarhátíð á Selfossi
- 12. ág. Gleðigangan, hápunktur Hinsegin daga fer fram
- 12.–14. ág. Töðugjöld – Bæjarhátíð á Hellu á Rangárvöllum
- 16.–20. ág. Bæjarhátíðin Fjölskyldudagar í Vogum
- 18.–20. ág. Blómstrandi dagar – Bæjarhátíð í Hveragerði
- 19. ág. Menningarnótt Reykjavíkur
- 24.–27. ág. Í túninu heima – Bæjarhátíð Mosfellsbæjar
- 25.–27. ág. Kjotsúpuhátíðin á Hvolsvelli

## Vesturland, Norðvesturland & Vestfirðir

- 26.–30. júlí Eldur í Húnaþingi – Bæjarhátíð á Hvammstanga
- 28.–29. júlí Smástund í Grundarfirði – bæjarhátíð
- 28.–30. júlí Reykholtshátíðin – Tónlistarhátíð sem leggur áherslu á klassíska tónlist frá 18. og 19. öld.
- 4.–6. ág. Norðanpönk í Laugarbakka Vestur-Húnavatnssýslu
- 4.–6. ág. Sæludagar KFUK&KFUM – vímulaus hátíð við Eyrarvatn
- 10.–12. ág. Act Alone – árleg leiklistarhátíð á Suðureyri
- 12. ág. Hvanneyrarhátíð
- 18.–20. ág. Reykhóladagar, heimagerð súpa, kassabílarallý o.fl.

Auðvitað hefur eitthvað ekki komist á lista, en hér að ofan er ýmislegt upptalið sem má skemmta sér við.



Morgunblaðið, 28.07.2023, síðu 14.  
grein stærð: 193.51 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 12.53 sm

# Fastir liðir í tilverunni

**E**itt af einkennum íslenska sumarsins eru bæjarhátíðir sem haldnar eru úti um allt land. Hátíðarnar eru vinsælar og margar hverjar rótgrónar sem þjóna sem fastir liðir í tilveru þeirra samfélaga sem að þeim standa. Fyrir mörgum eru bæjarhátíðir hinn árlegi vettvangur þar sem fjölskyldur sameinast, gamlir skólafélagar blása til árgangamóta, vinir og vandamenn dvelja hjá heimamönnum og ferðamenn þyrpast að til þess að njóta andrúmsloftsins og metnaðarfullra hátíðardagskráa.

Bæjarhátíðir eru af öllum stærðum og gerðum og má segja að þær séu eitt af bakbeinum íslenskrar menningar, enda eru þær hinn fullkomni vettvangur fyrir unga jafnt sem aldna til að njóta okkar hæfileikaríka listafólks sem ferðast um landið til þess að stíga á stökk. Hvort sem þema hátíðarinnar kunni að vera franskt, danskt, írskt eða heiti hennar kennt við kótelettur, trillur, töðugjöld eða þjóðhátíð, þá geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Tónlistarfólk, leikhópar, uppstandarar, myndlistafólk, hagarðingar og fjölmargt annað hæfileikafólk kemur fram á viðburðum sem þessum til þess að gleðja okkur hin.

Bæjarhátíðir eru birtingarmynd samvinnu og samkenndar, þar sem íbúar taka höndum saman í sjálfbodastarfi til þess að láta þær raungerast. Allt það fólk sem tekur þátt með óeigingjörnu vinnuframlagi við að skipuleggja og standa að bæjarhátíðum á mikið hrós skilið. Það er ómetanlegt að skapa vettvanga sem þessa þar sem heimamenn, brottfluttir og aðrir gestir geta komið saman til þess að eiga eftirminni-

## Pistill



Lilja Dögg  
Alfreðsdóttir

legar stundir á fallegum íslenskum sumardögum.

Það er mikilvægt fyrir hvert einasta samfélag að huga að menningarmálum með þessum hætti. Íslensk menning er rík og rótgróin og hefur lagt sitt af mörkum til menningarsögu heimsins um aldabil. Með hverju árinu sem líður hjá mér í embætti menningarmálaráðherra verður það augljósara; þessi fámenna þjóð á ótrúlega mikið af hæfileikaríku listafólki á heimsmaelikvarða. Slíkt gerist ekki að sjálfu sér; það skiptir miklu máli að skapa menningarlífinu í landinu hagfellað skilyrði til vaxtar. Sú vegferð hefst strax í skóla-kerfinu með því að tryggja nægjanlegt framboð af listnámi sem og jafnan aðgang að því.

Á undanförunum árum hafa einnig verið stigin stór skref í að sækja fram fyrir íslenska menningu með raunverulegum aðgerðum til skapa henni sterkeri umgjörð. Unnið hefur verið eftir nýjum tímamótastefnum í bókmenntum, kvikmyndum, tónlist, myndlist og hönnun og arkitektúr sem miða allar að því sama; að efla íslenska menningu um allt land.

Ein af birtingamyndum þess krafts sem ríkir í íslenskrri menningu eru einmitt bæjarhátíðarnar okkar; þar sem fjölbreytnin og metnaðurinn er allsráðandi. Margar frábærar hátíðir eru nú þegar afstaðnar í ár en margar eru jafnframt á næstu grösom. Ég hvet sem flesta til þess að taka þátt og kynna sér þær fjölbreyttu hátíðir sem eru í boði og skemmta sér vel það sem eftir er sumars.

Höfundur er menningar- og viðskiptaráðherra og varaformaður Framsóknar.





## LOKADAGAR ÚTSÖLU!



Morgunblaðið, 03.08.2023, síða 4.  
grein stærð: 49.73 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 10.09 sm

# Raska svæði við Land- mannalaugar

Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands, sem sér um rekstur á skálanum við Landmannalaugar, segir fyrirhugaða uppbyggingu raska áður óröskuðu svæði innan friðlandsins, en í deiliskipulagi Rangárþings ytra fyrir svæðið er gert ráð fyrir byggingu veitingasals, verslunar og manngerðrar laugar utan núverandi skálasvæðis.

Í samtali við mbl.is segir Páll FÍ fagna uppbyggingu á svæðinu en hafi frá upphafi talað fyrir því að byggt verði á núverandi skálasvæði í stað þess að raska fleiri svæðum innan friðlandsins. Hann segir eðlilegt að umræðan verði tekin upp á ný, „til að sjá hvað er virkilega best fyrir náttúruna á svæðinu“.

4. útgáfa  
Mílljörðum varíó í öryggissvæðið

Halda áfram að berjast

DRAUMA  
DAGAR

DORMA

Sierra  
EFTIR  
HREINSUN  
TRÍÐRIFULL VÆSELUN AF AMERÍKA VÖRUM  
FRÁ EFTIRFÖLGLIÐUM VÆSELUNUM

BOSS HANZ  
Mathildir COLLECTIONS

70%  
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

Morgunblaðið, 10.08.2023, síðu 4.  
grein stærð: 152.75 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 14.91 sm



Morgunblaðið/Árni Sæberg

**Hella Stækkandi þorp og því þarf að styrkja ýmsa innviði á svæðinu.**

# Tvær göngubrýr verði á Ytri-Rangá

## ● Byggð á Hellu beggja vegna árinna

Til stendur í næsta mánuði að setja göngubrú á brúna yfir Ytri-Rangá við Hellu. Flokkur á vegum Vegagerðarinnar er nú að lagfæra steypuskemmdir á Hellubrúnni á hringveginum sem byggð var um 1960. Með því móti er brúin, sem er 84 metra löng, styrkt. Göngu-brúin verður svo úr forsmíðuðum stálbitum.

Framkvæmd þessi tengist því að verið er að brjóta ný lönd fyrir byggðina á Hellu. Vestan ár og norðan þjóðvegur, þegar ekið er að Rangárbrú, er stykki sem kallast Bjargstún og er í eigu sveitarfélagsins, Rangárþings ytra. Þar hefur nú verið unnið deiliskipulag fyrir íbúðarhús af stærri gerðinni,

en talsverð eftirspurn hefur verið eftir slíkum lóðum. Sérstaklega er hugað að því að gott útsýni sé frá húsum í fyrirhugaðri byggð. Áætla má að íbúar í hverfinu fullbyggðu verði 250 sem aftur kallar á góða tengingu við aðra byggð á Hellu, austan ár.

Jafnframt er til skoðunar, segir Eggert Valur Guðmundsson, oddviti Rangárþings ytra, að reist verði önnur göngubrú yfir Ytri-Rangá, það er nokkuð ofar en núverandi brú er. Sú brú yrði 66 metra löng og nærri þeim stað þar sem fyrsta brúin yfir Ytri-Rangá við Hellu var. Sú var reist um 1930 og lagði tilkoma hennar grundvöll að þéttbýlismyndun á staðnum. [sbs@mbl.is](mailto:sbs@mbl.is)





Morgunblaðið, 19.08.2023, síðu 6.  
grein stærð: 232.74 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 15.07 sm

# Fimm hundruð bílar á dag

## ● Mikið álag á Landmannalaugum ● Uppbygging nauðsynleg til að verndargildið haldist að mati UST

Umhverfisstofnun segir að áætla megi að um 500 bílar á dag hafi verið í Landmannalaugum yfir hásumarið. Mælingar í júní sýndu að fjöldi bíla sem kom inn á svæðið var 350 á dag. Það var 40% aukning frá sama tíma árið 2022.

Segir Umhverfisstofnun á heimasíðu sinni að svæðið og innviðir þess sé ekki í stakk búið til þess að taka á móti slíkum fjölda. Mikið álag sé á jarðminjar á svæðinu, akstur utan vega sé mikið vandamál og kraðak á bílastæðinu skapi hættu. Aðgerðir til að mæta þörfum svæðisins séu því óumflýjanlegar. Mögulega sé komið að þeim tímapunkti að ekki sé hægt að hleypa ótakmörkuðum fjölda inn á svæðið.

### Nauðsynleg uppbygging

Fyrirhuguð uppbygging, sem deiliskipulag Rangárþings ytra lýsir, hefur sætt gagnrýni að undanfögnu. En Umhverfisstofnun segir að uppbygging innviða í Landmannalaugum sé nauðsynleg til þess að koma í veg fyrir að svæðið tapi verndargildi sínu.

Uppbyggingin eigi við um tvö svæði og mismunandi tilgangur sé með henni. Uppbygging við Námskvísl og laugarnar sjálfar snú að vernd náttúru og grunnþjón-



Teikning/VA arkitekta ehf.

### Landmannalaugar Mynd af framtíðarskipulagi svæðisins úr vinnings-tillögu í hönnunarsamkeppni sýnir óspillt útsýni úr laugunum.

ustu við gesti. Þar sé um að ræða salerni, búningastöðu, bílastæði, göngupalla og göngubrú. Það svæði sé nú þegar raskað eða liggja alveg að þegar röskuðu svæði.

Á hinu svæðinu er áformað að reisa gestastofu og gestaskála ásamt baðaðstöðu og laug. Svæðið er við Námshraun sem nú er óraskað svæði. Ætlunin sé að öll starfsemi nema skáli Ferðafélags Íslands verði flutt þangað, til dæmis tjaldsvæði, bílar, veitingasala og önnur mannvirki.

Svæðið í kringum laugarnar sjálfar verður endurgert eins og hægt er í náttúrulegt ástand. Ásýnd svæðisins sem gestir sækja mest og náttúran þar í kring, verði því endurheimt og náttúruleg fegurð njóti sín betur.

Frankvæmdirnar eru unnar í takti við vinningstillögu úr hönnunarsamkeppni um skipulag á svæðinu sem Umhverfisstofnun, Rangárþing ytra og Félag íslenskra landslagsarkitekta efndu til. [gummi@mbl.is](mailto:gummi@mbl.is)



# Börnin í Þykkvabæ taka málin í sínar hendur

Íbúar í Þykkvabæ í Rangárþingi ytra eru orðnir langþreyttir á hraðakstri í gegnum þorpið og vilja fá hraðahindrun til að hægja á umferðinni.

Börnin í þorpinu hafa meðal annars tekið málið í sínar hendur og standa með skilti þar sem hraðast er ekið og biðja ökumenn að hægja á sér.

## Umferðin alltaf að aukast

„Það er ekið talsvert hratt í gegnum þorpið og umferð er alltaf að aukast. Það er mun meiri umferð hér í gegn yfir sumartímann enda er hér frábært tjaldstaði og hótél. Margir hægja á sér en það eru nokkrir sem keyra allt of hratt miðað við aðstæður,“ segir Karen Eva Sigurðardóttir, íbúi í Þykkvabæ. Hún segir að það sé búið að senda inn erindi til Rangárþings ytra og óska eftir hraðahindrun en ekkert hafi gerst enn í málinu. „Vonandi fáum við hraðahindrun sem fyrst eða kannski bara gangstétt. Það er óþægilegt að vita af börnum sínum úti í garði við veg þar sem umferð er hröð. Við foreldrarinn teljum þetta skipta miklu máli og höfum áhyggjur af þessu.



Rúnar Atli, 6 ára sonur Karenar Evu, er eitt barnanna í Þykkvabæ sem hafa staðið með þessi skilti í sumar þar sem hraðast er ekið í þorpinu. Ökumenn hægja strax á sér þegar þeir sjá skiltin. Mynd / Aðsend

Við vonum að það verði ekki hér slyss á fólki sem mun ýta þessum framkvæmdum af stað,“ bætir Karen Eva við. /MHH